



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.

2. fundur.

Haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps 18. nóvember 2010.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Eyrún Björnsdóttir, Kristján Stefánsson, Pétur Snæbjörnsson, Birgir Steingrímsson, Árni Ólafsson frá Teiknistofu Arkitekta. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkoma til fyrsta fundar.

2. Endurskoðun aðalskipulags 2010-2022.

Farið yfir forsendur áfangaskýrslu 1. Árni fór yfir verkefnið. Ákveðið að hver og einn fari yfir skýrsluna, komi athugasemdum til sveitarstjóra sem kemur þeim áleiðis á teiknistofuna. Fram kom hugmynd um að í kaflanum um atvinnulíf verði greint á milli atvinnuþáttöku annars vegar yfir sumartímann og hins vegar yfir veturinn. Rætt um hverfisvernd, hvar hún ætti helst rétt á sér og hvar ekki er talin ástæða til að hennar njóti við, rökstyðja það. Farið yfir breytingar á einstökum jörðum. Gerð smávægileg breyting í Vogum svæðið gert heildstæðara. Ósk um viðbótar orkuvinnslusvæði vestan Jarðbaðshóla hlaut ekki hljómgrunn. Aðeins farið yfir verkáætlun matslýsingarinnar.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið.